Hagtíðindi
Statistical Series

Utanríkisverslun

2007:1 • 23. maí 2007

# Utanríkisverslun með vörur 2006

*Samantekt*

**Árið 2006 voru fluttar út vörur fyrir 242,7 milljarða króna fob en inn fyrir 401,2 milljarða króna fob, 432,1 milljarða króna cif. Innflutningstölurnar eru hærri en áður útgefnar tölur árið 2006 vegna upplýsinga um innflutning sem bárust eftir að þær voru birtar. Halli var því á vöruskiptum við útlönd sem nam 158,5 milljörðum króna fob en 94,5 milljarða króna halli var árið 2005. Verðmæti útflutnings jókst um 24,9% frá fyrra ári á verðlagi hvors árs en innflutningur jókst um 37,7%. Sjávarafurðir voru 51,2% alls útflutnings og jókst verðmæti þeirra um 12,9% frá fyrra ári, iðnaðarvörur voru 38,3% alls útflutnings og jókst verðmæti þeirra um 39,3%. Stærstu vöruflokkar innflutnings voru hrá- og rekstrarvörur með 25,1% hlutdeild, fjárfestingarvörur með 23,8% hlutdeild og flutningatæki með 22,4% hlutdeild. Í krónum talið varð mest aukning á innflutningi á flutningatækjum. Mest var flutt inn frá og út til Evrópska efnahagssvæðisins, EES, 74,8% útflutnings fór þangað og 64,7% innflutnings kom þaðan. Stærstu viðskiptalönd voru Holland í útflutningi, 16,6% af heild, og Bandaríkin í innflutningi, 12,9% af heild.**

## Vöruskiptajöfnuður

*Útflutningur 242,7 milljarðar fob og innflutningur 432,1 milljarðar cif*

Í töflu 1 er sýnd þróun utanríkisverslunar áratuginn 1997–2006. Innflutningur er hér sýndur á cif-verði en útflutningur á fob-verði, eins og hefð er fyrir í birtingu talna um utanríkisverslun. Á árinu 2006 nam verðmæti vöruútflutningsins í heild 242,7 milljörðum króna fob á móti 432,1 milljarða heildarvöruinnflutningi cif. Þetta þýðir að útflutningur umfram innflutning á árinu 2006 var neikvæður um 189,4 milljarða. Samkvæmt þessum mælikvarða hefur verið halli á utanríkisversluninni allan þennan áratug. Hallinn hefur verið mismikill eða frá um 1,6% af útflutningsverðmæti árið 2002, upp í 78,0% árið 2006. Hallinn á vöruskiptunum var 61,5% árið 2005, 28,7% árið 2004 og 18,6% árið 2003.

**Tafla 1. Utanríkisverslun árin 1997–2006**

| | Í millj. kr. á verðlagi hvers árs | | | Útflutt |
|---|---|---|---|---|
| | Útflutt fob | Innflutt cif | Útflutt umfram innflutt (fob-cif) | umfram innflutt í % af útflutningi |
| 1997 | 131.213 | 143.227 | -12.014 | -9,2 |
| 1998 | 136.592 | 176.072 | -39.480 | -28,9 |
| 1999 | 144.928 | 182.322 | -37.394 | -25,8 |
| 2000 | 149.273 | 203.222 | -53.949 | -36,1 |
| 2001 | 196.582 | 220.874 | -24.292 | -12,4 |
| 2002 | 204.303 | 207.608 | -3.305 | -1,6 |
| 2003 | 182.580 | 216.525 | -33.945 | -18,6 |
| 2004 | 202.373 | 260.431 | -58.058 | -28,7 |
| 2005 | 194.355 | 313.855 | -119.500 | -61,5 |
| 2006 | 242.740 | 432.106 | -189.366 | -78,0 |

Hagstofa Íslands

*Vöruskiptajöfnuður óhagstæður*

Vöruskiptajöfnuður er reiknaður út frá fob-verði bæði innflutnings og útflutnings. Innflutningur fob nam 401,2 milljörðum króna og var vöruskiptajöfnuðurinn 2006 því óhagstæður um 158,5 milljarða. Í töflu 2 kemur fram að vöruskiptajöfnuðurinn fob við útlönd hefur verið hagstæður einu sinni á síðustu tíu árum, árið 2002 1,6% af vergri landsframleiðslu. Hallinn var mestur, 13,9% af vergri landsframleiðslu, árið 2006. Árið 2005 var halli 9,3% af vergri landsframleiðslu. Á mynd 1 má sjá vöruskiptajöfnuð í hlutfalli af útflutningi og vergri landsframleiðslu og á mynd 2 má sjá þróun útflutnings fob, innflutnings fob og vöruskiptajafnaðar fob.

**Tafla 2. Vöruskiptajöfnuður árin 1997–2006**

| | | | | | Vöruskiptajöfnuður | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Á verðlagi hvers árs | | Á föstu verðlagi ársins 2006[1] | | | | |
| Í millj. kr. | Útflutt fob | Innflutt fob | Útflutt fob | Innflutt fob | Á verðlagi hvers árs | Á föstu verðlagi ársins 2006[1] | Hlutfall af VLF, % |
| 1997 | 131.213 | 131.326 | 164.043 | 267.206 | -113 | -103.162 | -0,02 |
| 1998 | 136.592 | 162.062 | 175.389 | 265.256 | -25.470 | -89.867 | -4,34 |
| 1999 | 144.928 | 167.778 | 173.751 | 266.090 | -22.850 | -92.339 | -3,62 |
| 2000 | 149.273 | 187.276 | 181.322 | 289.023 | -38.003 | -107.701 | -5,57 |
| 2001 | 196.582 | 203.083 | 222.667 | 348.088 | -6.501 | -125.420 | -0,84 |
| 2002 | 204.303 | 191.205 | 217.081 | 339.219 | 13.098 | -122.138 | 1,61 |
| 2003 | 182.580 | 199.512 | 196.283 | 329.947 | -16.932 | -133.665 | -2,02 |
| 2004 | 202.373 | 240.160 | 199.192 | 343.057 | -37.787 | -143.865 | -4,08 |
| 2005 | 194.355 | 288.895 | 191.517 | 329.626 | -94.540 | -138.109 | -9,25 |
| 2006 | 242.740 | 401.201 | 242.740 | 401.201 | -158.461 | -158.461 | -13,88 |

[1] Miðað við breytingar á magnvísitölum útflutnings og innflutnings sem eru reiknaðar út frá verðvísitölum samkvæmt einingarverðum úr tollskrárnúmerum.

**Mynd 1. Vöruskiptajöfnuður (fob-cif) í hlutfalli af útflutningi og vöruskiptajöfnuður (fob-fob) í hlutfalli af vergri landsframleiðslu**



**Mynd 2. Utanríkisverslun 1985–2006**




Mynd 3 sýnir hlutfall útflutnings og innflutnings vöru af vergri landsframleiðslu yfir 46 ára tímabil. Þar sést að hlutdeild útflutnings og innflutnings hefur lengst af verið um og yfir fjórðungur af landsframleiðslu og hefur heldur farið lækkandi hin síðari ár. Þó hefur hlutdeild innflutnings aukist árin 2004–2006 auk þess sem hlutdeild útflutnings var kominn niður fyrir fimmtung árið 2005 en hefur hækkað árið 2006. Því hærri hlutdeild sem utanríkisverslun hefur af landsframleiðslu því opnara er hagkerfið talið. Þar sem hlutdeild vöruviðskipta hefur lengst af verið í kringum fjórðung af landsframleiðslu bendir það til þess að þegar litið er á vöruviðskiptin eingöngu þá sé hagkerfið ekki að verða opnara. Þjónustuviðskiptin við útlönd hafa hins vegar stóraukist. Sveiflur í gengi geta einnig skekkt þennan samanburð einstök ár.

**Mynd 3. Útflutningur og innflutningur í hlutfalli af vergri landsframleiðslu 1960–2006**



## Verð- og magnbreytingar 2005–2006

*Útflutningur og innflutningur jókst á föstu gengi*

Verðmæti vöruútflutnings jókst um 11,7% frá árinu 2005 til 2006 og verðmæti innflutnings fob jókst um 24,2% þegar tekið hefur verið tillit til 11,8% hækkunar á meðalverði erlends gjaldeyris á milli ára, eins og sést í töflu 3. Verðmæti sjávarafurða jókst um 1,0%, reiknað á sama gengi bæði árin, og verðmæti iðnaðarvara jókst um 24,6%. Umtalsverð aukning varð í flestum liðum innflutnings, mest í flutningatækjum (43,4%) og fjárfestingarvöru (28,4%).

**Tafla 3. Verðmæti útflutnings og innflutnings og breytingar á föstu gengi árin 2005 og 2006**

| | 2005 | 2006 | Breytingar frá fyrra ári á föstu gengi [1], % |
|---|---|---|---|
| **Útflutningur alls fob** | **194.355,3** | **242.740,0** | **11,7** |
| Sjávarafurðir | 110.130,1 | 124.375,0 | 1,0 |
| Landbúnaðarvörur | 3.759,6 | 4.335,0 | 3,1 |
| Iðnaðarvörur | 66.775,8 | 93.020,3 | 24,6 |
| Aðrar vörur | 13.689,7 | 21.009,7 | 37,3 |
| **Innflutningur alls fob** | **288.894,8** | **401.201,5** | **24,2** |
| Matvörur og drykkjarvörur | 19.720,5 | 23.162,3 | 5,1 |
| Hrávörur og rekstrarvörur, ót.a. | 69.103,6 | 96.905,4 | 25,4 |
| Eldsneyti og smurolíur | 27.028,2 | 34.661,1 | 14,7 |
| Fjárfest.vörur (þó ekki flutn.tæki) | 67.200,5 | 96.448,3 | 28,4 |
| Flutningatæki | 58.204,7 | 93.321,6 | 43,4 |
| Neysluvörur ót.a. | 47.334,0 | 56.277,0 | 6,3 |
| Vörur ót.a (t.d. endursendar vörur) | 303,3 | 425,8 | 25,6 |
| **Vöruskiptajöfnuður** | **-94.539,5** | **-158.461,5** | **·** |

[1] Miðað er við meðalgengi á vöruviðskiptavog. Á þann mælikvarða er meðalverð erlends gjaldeyris 11,8% hærra mánuðina janúar–desember 2006 en sömu mánuði fyrra árs.

*Útflutningsverð og innflutningsverð hækkuðu, viðskiptakjör við útlönd bötnuðu*

Í skýrslum Hagstofunnar um utanríkisverslun eru tölur fyrra árs umreiknaðar til meðalgengis líðandi árs til þess að eyða áhrifum gengisbreytinga á verðmætistölur. Aðgreining verðmætisbreytinga milli verð- og magnbreytinga fæst hins vegar ekki nema með útreikningi verðvísitalna. Ein leið er að reikna verð-vísitölur samkvæmt einingaverðum úr tollskrárnúmerum. Þetta er gert í töflu 4 og samkvæmt þeim útreikningum hækkaði útflutningsverð í krónum um 25,8% frá árinu 2005 til 2006 og innflutningsverð hækkaði um 17,8% árið 2006 miðað við árið á undan. Viðskiptakjörin við útlönd bötnuðu því um 6,9% frá árinu 2005 til ársins 2006.

Í krónum talið varð verðmæti „almenns“ vöruútflutnings 22,6% hærra árið 2006 en árið áður og útflutningsverð hækkaði á sama tíma um 25,8%. Að raungildi dróst því vöruútflutningur saman um 2,5% frá 2005 til 2006. Verðmæti „almenns“ innflutnings fob jókst um 29,8% í krónum frá fyrra ári, innflutningsverð hækkaði um 17,8% og því jókst vöruinnflutningurinn að raungildi um 10,2%.

**Tafla 4. Verð- og magnvísitölur út- og innflutnings og vísitala viðskiptakjara 1997–2006**

| Vísitala 2000 = 100 | Almennur útflutningur[1] | | Almennur innflutningur[2] | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Verðvísitala | Magnvísitala | Verðvísitala | Magnvísitala | Viðskiptakjör |
| 1997 | 92,0 | 94,2 | 95,0 | 75,9 | 96,8 |
| 1998 | 98,7 | 93,5 | 94,0 | 92,3 | 105,0 |
| 1999 | 97,5 | 97,7 | 93,2 | 96,5 | 104,6 |
| 2000 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 |
| 2001 | 122,9 | 107,4 | 120,0 | 89,2 | 102,5 |
| 2002 | 120,1 | 115,3 | 115,8 | 87,5 | 103,7 |
| 2003 | 108,3 | 115,1 | 111,4 | 99,0 | 97,2 |
| 2004 | 109,9 | 125,7 | 115,6 | 113,0 | 95,1 |
| 2005 | 105,5 | 119,9 | 111,3 | 140,1 | 94,7 |
| 2006 | 132,7 | 116,8 | 131,1 | 154,4 | 101,2 |

1 Allur útflutningur að "öðrum vörum" (í vöruflokkun Hagstofu Íslands) frátöldum.
2 Allur innflutningur að skipum, flugvélum og vörum ót.a. (liður 7 í hagrænni flokkun innflutnings) frátöldum.

**Mynd 4. Magnvísitölur útflutnings, innflutnings og vergrar landsframleiðslu 1990–2006**




## Útflutningur og innflutningur eftir helstu vöruflokkum

*Útflutningur jókst ...*

Heildarútflutningur 2006 á verðlagi hvors árs jókst um 24,9% eða um 48,4 milljarða króna eins og sjá má í töflu 5. Sjávarafurðir voru 51,2% alls útflutnings, eða 124,4 milljarðar, jukust um 12,9% frá fyrra ári, eða um 14,2 miljarða. Á mynd 5 sést að hlutfall sjávarafurða í vöruútflutningi hefur síðustu ár lækkað smám saman, úr 75,3% á árinu 1994 í 51,2% árið 2006, en hlutfall iðnaðarvara í útflutningi hefur hækkað, úr 18,7% á árinu 1994 í 38,3% á árinu 2006. Á árinu 2006 vó útflutningur á botnfiski mest í útflutningi sjávarafurða, 33,7% af heildarútflutningi, þá sérstaklega útflutningur á þorski sem var 19,7% alls útflutnings eða 47,9 milljarðar. Þær tegundir sem komu næst útflutningi á þorski voru ýsa með 13,4 milljarða króna útflutning, karfi með 10,0 milljarða króna útflutning og síld með 9,8 milljarða króna útflutning. Aukningu í útflutningi sjávarafurða mátti einna helst rekja til aukins útflutnings á þorski, 5,9 milljarða, en einnig varð aukning í útflutningi á síld, 2,6 milljarðar, og karfa, 2,1 milljarður. Á móti kom samdráttur í útflutningi á loðnu um 3,0 milljarða.

Iðnaðarvörur voru 38,3% alls útflutnings og jókst verðmæti þeirra um 39,3% eða 26,2 milljarða. Í útflutningi iðnaðarvara munar mestu um ál en útflutningur þess varð 57,0 milljarðar eða 23,5% af heildarútflutningi, jókst um 58,4% eða 21,0 milljarð og var jafnframt sá liður iðnaðarvara sem jókst mest frá fyrra ári. Útflutningur á kísiljárni, lyfjavörum, tækjum og vörum til lækninga og jarðolíum og jarðolíuvörum komu komu næst áli í útflutningi iðnaðarvara, með verðmæti 5,7–5,9 milljarða. Í útflutningi á öðrum vörum átti útflutningur á flugvélum stærsta hlutdeild en hann nam 15,0 milljörðum á árinu 2006.

**Mynd 5. Hlutfallsleg skipting útflutnings eftir vöruflokkum (Hagstofuflokkun) árin 1994–2006**




*... og innflutningur jókst*

Heildarinnflutningur á verðlagi hvors árs jókst um 37,7% eða um 118,3 milljarða eins og sjá má í töflu 6. Stærstu liðir innflutningsins voru hrá- og rekstrarvörur, 25,1% af heildarinnflutningi, eða 108,3 milljarðar, fjárfestingarvörur, 23,8% eða 102,9 milljarðar og flutningatæki, 22,4% eða 96,9 milljarðar. Í krónum talið varð mest aukning á innflutningi flutningatækja eða um 35,2 milljarða sem nær eingöngu má rekja til aukningar í innflutningi á flugvélum um 30,6 milljarða. Þá jókst innflutningur á fjárfestingarvörum um 31,3 milljarða, hrá- og rekstrarvöru um 30,6 milljarða og neysluvörum, öðrum en mat- og drykkjarvörum, um 9,6 milljarða.

**Mynd 6. Innflutningur eftir hagrænni flokkun árið 2006, hlutfallsleg skipting**



## Utanríkisverslun eftir markaðssvæðum og löndum

*74,8% af útflutningi til EES og 64,7% af innflutningi frá EES*

Evrópska efnahagssvæðið[1] var stærsta markaðssvæði Íslendinga árið 2006 en 74,8% af útflutningi fór til þess árið 2006. Hlutdeild EES ríkja dróst saman frá árinu 2002 en þá var hún 76,9% eins og sést í töflu 7. Hins vegar komu 64,7% af innflutningi frá EES, samanborið við 66,0% frá árinu 2002 eins og sést í töflu 8. Á sama tímabili hefur útflutningur til Bandaríkjanna staðið í stað en innflutningur frá Bandaríkjunum aukist. Útflutningur til Japan hefur dregist saman en innflutningur þaðan aukist.

Íslendingar fluttu út mest til Hollands en innflutningur var mestur frá Bandaríkjunum. Sundurliðun á viðskiptum einstakra landa má sjá á vef Hagstofunnar, www.hagstofa.is/utanrikisverslun.

**Mynd 7. Útflutningur eftir markaðssvæðum árin 2001–2006**




**Mynd 8. Innflutningur eftir markaðssvæðum árin 2001–2006**




[1] EES-ríkin eru 27 ESB ríki ásamt EFTA-ríkjum að Sviss undanskildu. Öll löndin eru meðtalin á tímabilinu.

*Holland helsta útflutningsland Íslendinga*

Hlutur fimm helstu útflutningslandanna var 64% af heildarútflutningi Íslendinga 2006 samanborið við 62% árið 2005 og tæp 64% árið 2004 (töflur 7 og 9). Holland var helsta útflutningsland Íslendinga árið 2006, en var í þriðja sæti árin á undan. Verðmæti útflutnings til Hollands nam þá 40,3 milljörðum króna, 16,6% af heildarútflutningi og jókst um 65,9% frá árinu 2005 á verðlagi hvors árs. Hlutfall sjávarafurða til Hollands var tiltölulega lágt, eða 21,4% því iðnaðarvörur vógu þyngst í útflutningi þangað, sem aðallega var ál. Aukningu útflutnings til Hollands má aðallega rekja til aukins útflutnings á áli en einnig var aukning á útflutningi á þorski þangað.

Í utanríkisverslun er almenna reglan sú að útflutningsland er endanlegt neysluland vöru. Ef endanlegt neysluland vöru er ekki þekkt þegar útflutningurinn á sér stað er útflutningslandið sett sem viðskiptaland. Varðandi álútflutning til Hollands er vitað að stór hluti útflutningsins er fluttur áfram til annarra landa og í því tilviki er Holland viðskiptalandið en ekki endanlegt neysluland vörunnar. Skoða skal tölur um útflutning til Hollands með hliðsjón af því.

Íslendingar seldu næst mest til Bretlands á árinu 2006 sem var í fyrsta sæti árin 2004 og 2005. Þangað var flutt út fyrir 37,9 milljarða króna, 15,6% af heildarútflutningi. Útflutningur til Bretlands jókst um 9,6% frá fyrra ári, á verðlagi hvors árs. Aukning á útflutningi til Bretlands var aðallega vegna aukins útflutnings á sjávarafurðum. Hlutfall sjávarafurða í útflutningi til Bretlands var 82,1%, mestmegnis þoskur og ýsa.

Þýskaland var þriðja í röðinni, en var í öðru sæti undanfarin ár. Sala þangað nam 36,3 milljörðum eða 15,0% af heildarútflutningi, jókst um 18,0% frá fyrra ári á verðlagi hvors árs. Aukningu útflutnings til Þýskalands má aðallega rekja til aukins útflutnings á áli. Iðnaðarvörur vógu þyngst í útflutningi til Þýskalands eða 80,4%.

*Bandaríkin helsta innflutningsland Íslendinga*

Innflutningur frá fimm helstu innflutningslöndunum nam alls 45% af heildarinnflutningi árið 2006 samanborið við 46% árið 2005 og 47% árið 2004 (töflur 8 og 10). Árið 2006 var mestur innflutningur til Íslands frá Bandaríkjunum, voru í öðru sæti síðustu tvö ár. Árið 2006 voru fluttar inn vörur frá Bandaríkjunum fyrir 55,5 milljarða króna, 12,9% af heildarinnflutningi og jókst innflutningur þaðan að verðmæti um 89,4% frá fyrra ári á verðlagi hvors árs. Stærsti hluti innfluttra vara frá Bandaríkjunum árið 2006 voru vélar og samgöngutæki en innflutningur á þeim vörum jókst mest.

Árið 2006 var næst mest flutt inn frá Þýskalandi sem var í fyrsta sæti árin tvö á undan og nam verðmæti innflutnings þaðan 53,0 milljörðum króna, 12,3% af heildarinnflutningi og jókst um 22,1% frá árinu 2005, á verðlagi hvors árs. Stærsti hluti þessa innflutnings voru vélar og samgöngutæki, sem einnig voru þær vörur sem innflutningur jókst mest á.

Noregur var í þriðja sæti innflutningslanda árið 2006, en í fimmta sæti árið 2005, með innflutning að verðmæti 30,4 milljarða króna, 7,0% af heildarinnflutningi. Innflutningur frá Noregi jókst að verðmæti um 38,8% frá fyrra ári á verðlagi hvors árs. Um helmingur innflutningsins var innflutningur á eldsneyti og var það einnig helsta ástæða aukins innflutnings frá Noregi.

Myndir 9 og 10 sýna útflutning og innflutning eftir helstu viðskiptalöndum árið 2006 og vöruskiptajöfnuð við helstu viðskiptalönd árið 2006. Þar sést að umtals-

verður afgangur var á viðskiptum við Holland en halli á viðskiptum við Svíþjóð og Bandaríkin.

**Mynd 9. Útflutningur og innflutningur eftir helstu viðskiptalöndum árið 2006**




**Mynd 10. Vöruskiptajöfnuður við helstu viðskiptalönd árið 2006**




Greining utanríkisverslunar eftir vöruflokkum og markaðssvæðum (töflur 11 og 12) sýnir að EES ríki áttu mesta hlutdeild í útflutningnum 2006, 74,8%. Sjávar-afurðir voru 51,2% alls útflutningsins og af þeim voru 78,4% flutt út til EES ríkja. Þessi lönd keyptu 80,8% af þeim iðnaðarvörum sem Íslendingar fluttu út. Í inn-flutningnum vógu hrávörur og rekstrarvörur þyngst (25,1%) og af þeim voru 68,1% flutt inn frá EES ríkjunum. Um 96,8% eldsneytis og um 70,8% fjárfestingarvara kom frá EES ríkjum.

Á vef Hagstofunnar (www.hagstofa.is) er hægt að nálgast allar upplýsingar um innflutning og útflutning, til dæmis eftir mánuðum, gjaldmiðlum, vöruflokkum SITC, hagrænni flokkun BEC, útflutning eftir vöruflokkum Hagstofu og vinnslu-greinum. Einnig eru upplýsingar um utanríkisverslunina eftir löndum, markaðs-svæðum og löndum og flokkunum.

## Tafla 5. Útflutningur eftir vöruflokkum árin 2005–2006

| Fob verð á gengi hvors árs | 2005 | | | 2006 | | | Breyting frá |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Tonn | Millj. kr. | % | Tonn | Millj. kr. | % | fyrra ári, % |
| **Samtals** | **1.485.801,5** | **194.355,3** | **100,0** | **1.462.299,4** | **242.740,0** | **100,0** | **24,9** |
| **1 Sjávarafurðir** | **754.513,9** | **110.130,1** | **56,7** | **661.197,2** | **124.375,0** | **51,2** | **12,9** |
| 11 Uppsjávarfiskur | 332.866,2 | 18.400,3 | 9,5 | 295.808,7 | 19.748,0 | 8,1 | 7,3 |
| 110 Síld | 99.461,1 | 7.200,0 | 3,7 | 133.028,9 | 9.823,6 | 4,0 | 36,4 |
| 111 Loðna | 176.989,6 | 9.324,8 | 4,8 | 103.590,1 | 6.340,6 | 2,6 | -32,0 |
| 112 Kolmunni | 41.509,8 | 1.780,8 | 0,9 | 46.336,0 | 3.414,1 | 1,4 | 91,7 |
| 113 Makríll | 56,4 | 3,5 | 0,0 | 190,9 | 11,0 | 0,0 | 211,7 |
| 119 Annar uppsjávarfiskur | 14.849,4 | 91,3 | 0,0 | 12.662,7 | 158,8 | 0,1 | 74,0 |
| 12 Botnfiskur, helstu tegundir | 245.243,7 | 69.185,3 | 35,6 | 242.981,3 | 81.922,5 | 33,7 | 18,4 |
| 120 Þorskur | 113.928,1 | 41.973,0 | 21,6 | 109.248,4 | 47.913,4 | 19,7 | 14,2 |
| 121 Ýsa | 44.476,8 | 11.744,3 | 6,0 | 41.988,5 | 13.358,8 | 5,5 | 13,7 |
| 122 Ufsi | 30.100,8 | 4.669,5 | 2,4 | 32.933,6 | 6.580,9 | 2,7 | 40,9 |
| 123 Karfi | 43.758,0 | 7.936,0 | 4,1 | 44.923,4 | 10.046,1 | 4,1 | 26,6 |
| 124 Steinbítur | 7.201,1 | 1.558,3 | 0,8 | 7.302,1 | 1.933,9 | 0,8 | 24,1 |
| 125 Langa | 2.806,4 | 562,5 | 0,3 | 3.258,7 | 1.009,4 | 0,4 | 79,5 |
| 126 Blálanga | 68,0 | 9,1 | 0,0 | 5,1 | 1,7 | 0,0 | -81,7 |
| 127 Keila | 749,0 | 184,0 | 0,1 | 1.252,4 | 390,0 | 0,2 | 111,9 |
| 128 Skötuselur | 1.908,5 | 521,1 | 0,3 | 1.844,2 | 659,7 | 0,3 | 26,6 |
| 129 Skata | 247,0 | 27,7 | 0,0 | 224,9 | 28,6 | 0,0 | 3,3 |
| 13 Botnfiskur, annar | 17.383,3 | 2.946,8 | 1,5 | 17.650,5 | 4.019,9 | 1,7 | 36,4 |
| 130 Gulllax | 2.843,8 | 220,2 | 0,1 | 2.908,0 | 265,7 | 0,1 | 20,7 |
| 131 Háfur og annar háfiskur | 52,0 | 5,5 | 0,0 | 47,3 | 7,0 | 0,0 | 26,5 |
| 132 Lýsingur | – | – | – | 1,0 | 0,1 | 0,0 | – |
| 133 Túnfiskur | 5,8 | 1,9 | 0,0 | 9,0 | 1,1 | 0,0 | -42,4 |
| 138 Grásleppa | 744,3 | 338,7 | 0,2 | 574,2 | 234,5 | 0,1 | -30,8 |
| 139 Annar botnfiskur | 13.737,5 | 2.380,5 | 1,2 | 14.111,0 | 3.511,5 | 1,4 | 47,5 |
| 14 Flatfiskur | 17.401,6 | 5.637,7 | 2,9 | 18.286,0 | 6.390,6 | 2,6 | 13,4 |
| 140 Grálúða | 9.118,6 | 3.063,4 | 1,6 | 8.877,1 | 3.158,0 | 1,3 | 3,1 |
| 141 Lúða | 420,7 | 204,8 | 0,1 | 593,5 | 301,8 | 0,1 | 47,4 |
| 142 Skarkoli | 3.055,5 | 887,6 | 0,5 | 3.028,4 | 808,4 | 0,3 | -8,9 |
| 143 Sólflúra | 458,0 | 103,3 | 0,1 | 528,4 | 141,1 | 0,1 | 36,6 |
| 149 Annar flatfiskur | 4.348,8 | 1.378,7 | 0,7 | 5.258,6 | 1.981,3 | 0,8 | 43,7 |
| 16 Krabbadýr, skeldýr og lindýr | 25.184,7 | 9.335,3 | 4,8 | 21.913,6 | 8.748,9 | 3,6 | -6,3 |
| 160 Rækja | 22.820,1 | 7.925,4 | 4,1 | 20.399,4 | 7.435,9 | 3,1 | -6,2 |
| 161 Humar | 1.259,7 | 1.226,8 | 0,6 | 1.133,1 | 1.203,3 | 0,5 | -1,9 |
| 162 Hörpudiskur | 0,4 | 0,4 | 0,0 | – | – | – | – |
| 163 Kræklingur | – | – | – | 0,1 | 0,0 | 0,0 | – |
| 164 Smokkfiskur | 398,3 | 42,7 | 0,0 | 127,9 | 12,5 | 0,0 | -70,6 |
| 165 Ígulker | 1,3 | 1,8 | 0,0 | 0,5 | 0,2 | 0,0 | -90,5 |
| 166 Kúfiskur | 299,5 | 41,7 | 0,0 | 33,7 | 5,6 | 0,0 | -86,5 |
| 167 Beitukóngur | 5,7 | 2,2 | 0,0 | 2,7 | 1,3 | 0,0 | -41,0 |
| 168 Sæeyra | 0,1 | 0,1 | 0,0 | 0,2 | 0,5 | 0,0 | 240,0 |
| 169 Krabbadýr, skeldýr og lindýr ót.a. | 399,5 | 94,2 | 0,0 | 216,1 | 89,6 | 0,0 | -4,9 |
| 19 Aðrar sjávarafurðir | 116.434,3 | 4.624,6 | 2,4 | 64.557,2 | 3.545,0 | 1,5 | -23,3 |
| **2 Landbúnaðarvörur** | **17.605,8** | **3.759,6** | **1,9** | **18.689,6** | **4.335,0** | **1,8** | **15,3** |
| 21 Fiskeldi | 5.353,7 | 1.529,4 | 0,8 | 5.217,7 | 1.932,8 | 0,8 | 26,4 |
| 22 Búfé | 523,7 | 370,8 | 0,2 | 442,9 | 427,1 | 0,2 | 15,2 |
| 23 Afurðir sláturdýra | 4.469,4 | 1.216,0 | 0,6 | 4.810,3 | 1.336,6 | 0,6 | 9,9 |
| 24 Mjólk og mjólkurvörur | 705,8 | 84,5 | 0,0 | 588,9 | 97,2 | 0,0 | 15,0 |
| 25 Aðrar land- og sjávarnytjar | 6.155,9 | 538,8 | 0,3 | 7.246,1 | 493,0 | 0,2 | -8,5 |
| 29 Aðrar landbúnaðarvörur | 397,2 | 20,1 | 0,0 | 383,7 | 48,4 | 0,0 | 140,3 |

Tafla 5. Útflutningur eftir vöruflokkum árin 2005–2006 (frh.)

| Fob verð á gengi hvors árs | 2005 | | | 2006 | | | Breyting frá |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Tonn | Millj. kr. | % | Tonn | Millj. kr. | % | fyrra ári, % |
| **3 Iðnaðarvörur** | **564.387,8** | **66.775,8** | **34,4** | **629.755,2** | **93.020,3** | **38,3** | **39,3** |
| 31 Matur og drykkjarvara | 10.601,9 | 1.305,0 | 0,7 | 13.025,3 | 1.614,7 | 0,7 | 23,7 |
| 310 Fiskmeti | 2.521,6 | 880,8 | 0,5 | 2.519,5 | 1.077,7 | 0,4 | 22,4 |
| 317 Sælgæti | 62,2 | 35,1 | 0,0 | 97,9 | 56,6 | 0,0 | 61,1 |
| 318 Drykkjarvörur | 7.695,0 | 231,4 | 0,1 | 10.127,1 | 367,3 | 0,2 | 58,7 |
| 319 Önnur matvara | 323,2 | 157,8 | 0,1 | 280,8 | 113,1 | 0,0 | -28,3 |
| 33 Fóðurvörur | 152,3 | 23,3 | 0,0 | 1.794,7 | 155,3 | 0,1 | 565,8 |
| 34 Heilbrigðis- og hreinlætisvörur | 727,5 | 10.738,2 | 5,5 | 752,3 | 11.519,0 | 4,7 | 7,3 |
| 340 Lyfjavörur | 505,0 | 5.876,5 | 3,0 | 476,2 | 5.724,5 | 2,4 | -2,6 |
| 341 Tæki og vörur til lækninga | 181,5 | 4.776,2 | 2,5 | 234,7 | 5.704,3 | 2,3 | 19,4 |
| 344 Hreinlætis- og snyrtivörur | 41,1 | 85,5 | 0,0 | 41,4 | 90,1 | 0,0 | 5,3 |
| 35 Skinna- og textílvörur | 302,0 | 598,0 | 0,3 | 332,2 | 466,3 | 0,2 | -22,0 |
| 36 Unnin jarðefni | 537.640,0 | 45.249,8 | 23,3 | 600.220,0 | 69.129,3 | 28,5 | 52,8 |
| 360 Ál | 283.607,5 | 35.997,3 | 18,5 | 303.297,8 | 57.027,3 | 23,5 | 58,4 |
| 361 Kísiljárn | 125.646,0 | 6.074,3 | 3,1 | 103.572,9 | 5.880,4 | 2,4 | -3,2 |
| 362 Kísilgúr | 3.026,5 | 61,0 | 0,0 | – | – | – | – |
| 363 Salt | 2.105,5 | 121,7 | 0,1 | 2.647,3 | 146,7 | 0,1 | 20,5 |
| 364 Steinull | 3.005,1 | 145,0 | 0,1 | 3.020,1 | 149,9 | 0,1 | 3,4 |
| 365 Þang og þaramjöl | 3,6 | 1,4 | 0,0 | – | – | – | – |
| 366 Jarðolíur og olíuvörur | 99.412,3 | 2.668,1 | 1,4 | 169.437,0 | 5.657,7 | 2,3 | 112,0 |
| 367 Krýolít | 2.102,2 | 21,1 | 0,0 | 322,9 | 4,9 | 0,0 | -76,9 |
| 369 Íblöndunarefni fyrir sement | 18.731,3 | 160,0 | 0,1 | 17.922,1 | 262,5 | 0,1 | 64,1 |
| 37 Vörur til fiskveiða | 2.801,4 | 2.052,8 | 1,1 | 2.290,7 | 2.147,1 | 0,9 | 4,6 |
| 370 Rafeindavogir | 240,6 | 1.028,1 | 0,5 | 189,4 | 1.050,8 | 0,4 | 2,2 |
| 371 Fiskinet, -línur, kaðlar o.þ.h. | 495,3 | 449,6 | 0,2 | 609,2 | 473,6 | 0,2 | 5,3 |
| 373 Fiskkassar | 1.087,6 | 336,5 | 0,2 | 1.211,9 | 412,9 | 0,2 | 22,7 |
| 379 Vörur til fiskveiða ót.a. | 977,9 | 238,6 | 0,1 | 280,1 | 209,9 | 0,1 | -12,0 |
| 38 Ýmsar iðnaðarvörur | 2.005,8 | 2.356,0 | 1,2 | 2.052,3 | 2.646,0 | 1,1 | 12,3 |
| 381 Umbúðir | 1.179,3 | 189,1 | 0,1 | 1.433,6 | 249,9 | 0,1 | 32,2 |
| 382 Álpönnur | 146,0 | 93,4 | 0,0 | 61,9 | 41,2 | 0,0 | -55,9 |
| 383 Vélar til matvælaframleiðslu | 680,5 | 2.073,5 | 1,1 | 556,8 | 2.354,9 | 1,0 | 13,6 |
| 39 Aðrar iðnaðarvörur | 10.156,8 | 4.452,6 | 2,3 | 9.287,7 | 5.342,6 | 2,2 | 20,0 |
| **4 Aðrar vörur** | **149.294,1** | **13.689,7** | **7,0** | **152.657,4** | **21.009,7** | **8,7** | **53,5** |
| 41 Jarðefni | 76.106,6 | 201,5 | 0,1 | 84.604,6 | 268,6 | 0,1 | 33,3 |
| 42 Endurheimtar vörur | 58.229,0 | 741,8 | 0,4 | 57.223,5 | 1.067,1 | 0,4 | 43,9 |
| 43 Flutningsför | 13.583,6 | 10.721,1 | 5,5 | 9.005,8 | 17.585,0 | 7,2 | 64,0 |
| 430 Notuð skip | 12.204,1 | 2.008,6 | 1,0 | 6.390,2 | 1.406,9 | 0,6 | -30,0 |
| 432 Flugvélar | 509,2 | 7.653,1 | 3,9 | 983,4 | 15.030,9 | 6,2 | 96,4 |
| 433 Bílar, notaðir eða endurseldir | 870,3 | 1.059,4 | 0,5 | 1.632,2 | 1.147,2 | 0,5 | 8,3 |
| 49 Aðrar vörur | 1.374,8 | 2.025,3 | 1,0 | 1.823,6 | 2.088,9 | 0,9 | 3,1 |

## Tafla 6. Innflutningur eftir hagrænni flokkun árin 2005–2006

| Cif-verð á gengi hvors árs | | 2005 | | | 2006 | | | Breyting frá |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Tonn | Millj. kr. | % | Tonn | Millj. kr. | % | fyrra ári, % |
| | **Samtals** | **3.438.151,5** | **313.854,6** | **100,0** | **3.873.705,0** | **432.106,3** | **100,0** | **37,7** |
| **1** | **Matvörur og drykkjarvörur** | **225.006,7** | **22.234,6** | **7,1** | **217.839,8** | **26.007,0** | **6,0** | **17,0** |
| 111 | Óunnar, einkum til iðnaðar | 103.905,1 | 5.484,6 | 1,7 | 91.904,5 | 5.599,0 | 1,3 | 2,1 |
| 112 | Óunnar, einkum til heimilisnota | 29.696,7 | 3.554,7 | 1,1 | 32.855,9 | 4.495,4 | 1,0 | 26,5 |
| 121 | Unnar, einkum til iðnaðar | 25.310,4 | 1.179,1 | 0,4 | 24.369,2 | 1.365,1 | 0,3 | 15,8 |
| 122 | Unnar, einkum til heimilisnota | 66.094,5 | 12.016,2 | 3,8 | 68.710,1 | 14.547,5 | 3,4 | 21,1 |
| **2** | **Hrávörur og rekstrarvörur, ót.a.** | **1.885.882,6** | **77.655,9** | **24,7** | **2.307.846,4** | **108.297,3** | **25,1** | **39,5** |
| 210 | Óunnar | 708.639,1 | 4.132,1 | 1,3 | 750.471,4 | 5.169,5 | 1,2 | 25,1 |
| 220 | Unnar | 1.177.243,5 | 73.523,8 | 23,4 | 1.557.375,0 | 103.127,8 | 23,9 | 40,3 |
| **3** | **Eldsneyti og smurolíur** | **948.598,3** | **28.773,3** | **9,2** | **918.458,7** | **36.411,8** | **8,4** | **26,5** |
| 310 | Óunnið eldsneyti | 117.895,7 | 1.222,1 | 0,4 | 92.337,5 | 1.030,5 | 0,2 | -15,7 |
| 321 | Bensín, þ.m.t. flugvélabensín | 164.167,1 | 5.739,9 | 1,8 | 166.009,1 | 7.574,2 | 1,8 | 32,0 |
| 322 | Annað unnið eldsneyti og smurolíur | 666.535,4 | 21.811,3 | 6,9 | 660.112,1 | 27.807,1 | 6,4 | 27,5 |
| **4** | **Fjárfest.vörur (þó ekki flutn.tæki)** | **223.659,3** | **71.612,2** | **22,8** | **286.069,0** | **102.872,7** | **23,8** | **43,7** |
| 410 | Fjárfestingarvörur | 62.730,6 | 47.302,0 | 15,1 | 78.268,4 | 70.723,5 | 16,4 | 49,5 |
| 420 | Hlutar til þeirra | 160.928,6 | 24.310,2 | 7,7 | 207.800,6 | 32.149,2 | 7,4 | 32,2 |
| **5** | **Flutningatæki** | **85.013,7** | **61.680,6** | **19,7** | **72.854,1** | **96.880,5** | **22,4** | **57,1** |
| 510 | Fólksbílar (þó ekki almenningsvagnar) | 34.718,2 | 27.548,1 | 8,8 | 30.532,0 | 27.273,1 | 6,3 | -1,0 |
| 521 | Flutn.tæki til atv.rek. (ekki skip, flugv.) | 26.941,3 | 11.657,8 | 3,7 | 20.677,8 | 13.630,2 | 3,2 | 16,9 |
| 522 | Önnur flutningatæki, til einkanota | 1.997,3 | 1.639,8 | 0,5 | 2.501,8 | 2.451,6 | 0,6 | 49,5 |
| 530 | Hlutar til flutningatækja | 10.576,3 | 8.376,4 | 2,7 | 10.212,8 | 9.766,6 | 2,3 | 16,6 |
| 540 | Skip | 9.825,5 | 2.742,2 | 0,9 | 7.161,5 | 3.468,5 | 0,8 | 26,5 |
| 550 | Flugvélar | 955,0 | 9.716,3 | 3,1 | 1.768,2 | 40.290,5 | 9,3 | 314,7 |
| **6** | **Neysluvörur ót.a.** | **69.518,9** | **51.566,1** | **16,4** | **69.693,2** | **61.185,7** | **14,2** | **18,7** |
| 610 | Varanlegar (t.d. heimilistæki) | 28.976,9 | 14.942,7 | 4,8 | 28.465,8 | 17.540,0 | 4,1 | 17,4 |
| 620 | Hálf-varanlegar (t.d. fatnaður) | 19.077,4 | 18.663,0 | 5,9 | 19.062,3 | 22.551,7 | 5,2 | 20,8 |
| 630 | Óvaranlegar (t.d. tóbak, lyf) | 21.464,7 | 17.960,5 | 5,7 | 22.165,1 | 21.094,1 | 4,9 | 17,4 |
| **7** | **Vörur ót.a (t.d. endursendar vörur)** | **472,1** | **332,0** | **0,1** | **943,8** | **451,2** | **0,1** | **35,9** |
| 700 | Vörur ót.a. (t.d. endursendar vörur) | 472,1 | 332,0 | 0,1 | 943,8 | 451,2 | 0,1 | 35,9 |

## Tafla 7. Útflutningur eftir markaðssvæðum árin 2002–2006

| Fob-verð á gengi | 2002 | | 2003 | | 2004 | | 2005 | | 2006 | | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| hvers árs | Millj. kr. | % | Millj. kr. | % | Millj. kr. | % | Millj. kr. | % | Millj. kr. | % | ´05–´06 |
| **Samtals** | **204.303,0** | **100,0** | **182.580,0** | **100,0** | **202.373,0** | **100,0** | **194.355,3** | **100,0** | **242.740,0** | **100,0** | **24,9** |
| **EES** | **157.084,2** | **76,9** | **142.893,0** | **78,3** | **158.245,8** | **78,2** | **150.117,1** | **77,2** | **181.649,9** | **74,8** | **21,1** |
| Austurríki | 224,4 | 0,1 | 268,4 | 0,1 | 415,4 | 0,2 | 522,5 | 0,3 | 496,3 | 0,2 | -5,0 |
| Belgía | 3.209,7 | 1,6 | 3.215,8 | 1,8 | 3.665,4 | 1,8 | 4.094,5 | 2,1 | 4.734,7 | 2,0 | 15,6 |
| Bretland | 35.739,0 | 17,5 | 31.990,1 | 17,5 | 38.521,4 | 19,0 | 34.614,5 | 17,8 | 37.939,3 | 15,6 | 9,6 |
| Danmörk | 9.417,4 | 4,6 | 9.315,3 | 5,1 | 9.580,9 | 4,7 | 8.083,0 | 4,2 | 8.501,7 | 3,5 | 5,2 |
| Eistland | 89,8 | 0,0 | 237,5 | 0,1 | 50,9 | 0,0 | 24,8 | 0,0 | 111,7 | 0,0 | 350,4 |
| Finnland | 1.867,1 | 0,9 | 1.336,0 | 0,7 | 1.022,1 | 0,5 | 770,0 | 0,4 | 786,6 | 0,3 | 2,2 |
| Frakkland | 7.500,7 | 3,7 | 7.381,5 | 4,0 | 8.155,1 | 4,0 | 7.235,6 | 3,7 | 8.224,5 | 3,4 | 13,7 |
| Grikkland | 1.475,4 | 0,7 | 2.113,7 | 1,2 | 2.323,3 | 1,1 | 1.353,0 | 0,7 | 2.215,0 | 0,9 | 63,7 |
| Holland | 22.059,4 | 10,8 | 20.459,9 | 11,2 | 21.753,8 | 10,7 | 24.296,7 | 12,5 | 40.317,7 | 16,6 | 65,9 |
| Írland | 329,0 | 0,2 | 342,9 | 0,2 | 351,1 | 0,2 | 2.173,3 | 1,1 | 1.208,2 | 0,5 | -44,4 |
| Ítalía | 2.762,9 | 1,4 | 2.464,7 | 1,3 | 2.180,3 | 1,1 | 1.886,5 | 1,0 | 1.829,3 | 0,8 | -3,0 |
| Kýpur | 142,9 | 0,1 | 149,5 | 0,1 | 24,8 | 0,0 | 58,5 | 0,0 | 49,7 | 0,0 | -15,0 |
| Lettland | 542,0 | 0,3 | 195,9 | 0,1 | 250,9 | 0,1 | 280,1 | 0,1 | 228,0 | 0,1 | -18,6 |
| Liechtenstein | – | – | 0,1 | 0,0 | 1,9 | 0,0 | – | – | – | – | – |
| Litháen | 1.434,4 | 0,7 | 1.295,3 | 0,7 | 1.927,8 | 1,0 | 2.504,6 | 1,3 | 3.298,1 | 1,4 | 31,7 |
| Lúxemborg | 63,8 | 0,0 | 54,4 | 0,0 | 176,8 | 0,1 | 59,5 | 0,0 | 77,9 | 0,0 | 30,9 |
| Malta | 14,5 | 0,0 | 83,9 | 0,0 | 183,5 | 0,0 | 242,1 | 0,1 | 196,2 | 0,1 | -18,9 |
| Noregur | 9.332,6 | 4,6 | 8.157,4 | 4,5 | 6.086,9 | 3,0 | 5.202,0 | 2,7 | 9.633,1 | 4,0 | 85,2 |
| Portúgal | 8.865,0 | 4,3 | 6.916,4 | 3,8 | 6.816,4 | 3,4 | 5.152,2 | 2,7 | 5.458,3 | 2,2 | 5,9 |
| Pólland | 1.326,0 | 0,6 | 1.120,7 | 0,6 | 2.394,6 | 1,2 | 3.983,9 | 2,0 | 1.900,7 | 0,8 | -52,3 |
| Slóvakía | 18,4 | 0,0 | 15,9 | 0,0 | 10,0 | 0,0 | 17,8 | 0,0 | 129,0 | 0,1 | 624,7 |
| Slóvenía | 8,5 | 0,0 | 8,3 | 0,0 | 17,0 | 0,0 | 30,4 | 0,0 | 15,5 | 0,0 | -49,0 |
| Spánn | 10.693,9 | 5,2 | 11.546,5 | 6,3 | 14.025,4 | 6,9 | 14.442,4 | 7,4 | 15.452,2 | 6,4 | 7,0 |
| Svíþjóð | 2.174,3 | 1,1 | 2.348,9 | 1,3 | 2.228,7 | 1,1 | 2.093,6 | 1,1 | 2.201,5 | 0,9 | 5,2 |
| Tékkland | 17,3 | 0,0 | 30,1 | 0,0 | 18,5 | 0,0 | 62,1 | 0,0 | 88,5 | 0,0 | 42,5 |
| Ungverjaland | 28,0 | 0,0 | 14,4 | 0,0 | 181,6 | 0,1 | 132,2 | 0,1 | 210,6 | 0,1 | 59,3 |
| Þýskaland | 37.747,9 | 18,5 | 31.829,3 | 17,4 | 35.881,4 | 17,7 | 30.800,9 | 15,8 | 36.345,5 | 15,0 | 18,0 |
| **Önnur Evrópulönd** | **7.133,7** | **3,5** | **7.866,4** | **4,3** | **8.920,6** | **4,4** | **9.038,3** | **4,7** | **15.407,3** | **6,3** | **70,5** |
| Búlgaría | 14,4 | 0,0 | 5,4 | 0,0 | 50,9 | 0,0 | 117,1 | 0,1 | 157,6 | 0,1 | 34,6 |
| Færeyjar | 2.188,9 | 1,1 | 2.307,5 | 1,3 | 1.959,1 | 1,0 | 2.077,1 | 1,1 | 2.889,4 | 1,2 | 39,1 |
| Grænland | 431,6 | 0,2 | 245,9 | 0,1 | 381,0 | 0,2 | 467,0 | 0,2 | 417,0 | 0,2 | -10,7 |
| Hvíta Rússland | 100,8 | 0,0 | 257,4 | 0,1 | 324,6 | 0,2 | 476,2 | 0,2 | 320,0 | 0,1 | -32,8 |
| Kasakstan | – | – | 0,0 | 0,0 | – | – | – | – | 0,1 | 0,0 | · |
| Rúmenía | 11,5 | 0,0 | 56,1 | 0,0 | 73,8 | 0,0 | 14,4 | 0,0 | 162,8 | 0,1 | · |
| Rússland | 816,1 | 0,4 | 1.034,0 | 0,6 | 2.312,7 | 1,1 | 2.770,4 | 1,4 | 4.653,4 | 1,9 | 68,0 |
| Serbía og Svartfjallaland | 5,4 | 0,0 | 5,8 | 0,0 | 4,1 | 0,0 | 2,8 | 0,0 | 19,7 | 0,0 | 603,6 |
| Sviss | 3.056,4 | 1,5 | 3.555,9 | 1,9 | 3.199,8 | 1,6 | 2.438,2 | 1,3 | 5.879,0 | 2,4 | 141,1 |
| Tyrkland | 83,4 | 0,0 | 97,1 | 0,1 | 174,5 | 0,1 | 252,9 | 0,1 | 243,4 | 0,1 | -3,8 |
| Úkraína | 393,7 | 0,2 | 236,5 | 0,1 | 348,3 | 0,2 | 302,8 | 0,2 | 421,0 | 0,2 | 39,0 |
| Önnur Evrópulönd | 31,4 | 0,0 | 64,7 | 0,0 | 91,9 | 0,0 | 119,4 | 0,0 | 243,9 | 0,1 | 104,3 |
| **Bandaríkin** | **21.988,8** | **10,8** | **16.927,3** | **9,3** | **18.769,0** | **9,3** | **16.299,2** | **8,4** | **26.131,3** | **10,8** | **60,3** |
| **Japan** | **6.766,4** | **3,3** | **5.914,8** | **3,2** | **6.076,7** | **3,0** | **6.262,1** | **3,2** | **5.019,2** | **2,1** | **-19,8** |

Tafla 7. Útflutningur eftir markaðssvæðum árin 2002–2006 (frh.)

